

BORGARRÁÐ: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úthlutun fjármuna til grunnskóla Reykjavíkur - R19050085

Skóla og frístundarsvið heldur utan um skjal með breytingum frá fyrra ári og óskum skólastjóra um viðbótarfjármagn. Þetta grunnskjal fer síðan til skoðunar og yfirferðar hjá fjármálaskrifstofu (FMS) og eftir atvikum tekur fjármálahópur og/eða meirihluti borgarstjórnar skjalið til meðferðar og samþykkir eða hafnar óskum skólastjórna sem þar koma fram. Flokkur fólksins óskar eftir að fá að sjá þetta breytingarskjal SFS frá síðasta ári og sjá hvaða meðferð óskir skólastjóra fengu, hvaða óskir voru samþykktar og hverjum var hafnað. Flokkur fólksins fer einnig fram á að fá í hendur hin svokölluðu 5 skóla skýrslu. Nýlega var Flokkur fólksins með umræðu um ástand skólabygginga í borgarstjórn. Þar var sérstaklega rakið ástandið m.a. í Hagaskóla. Til er svokölluð 5 skóla skýrsla sem borgarfulltrúi hefur óskað eftir að verði gerð opinber en án árangurs. Borgarstjóri hefur neitað að opinbera þetta skjal. Óskað er eftir að hin svokallaða 5 skólaskýrsla verði opinberuð strax.